

# Samþykkt fyrir Eignasjóð Eyjafjarðarsveitar

## 1. gr.

Sjóðurinn er í eigu sveitarsjóðs Eyjafjarðarsveitar og er til hans stofnað í samræmi við ákvæði reglugerðar um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000.

## 2. gr.

Hlutverk Eignasjóðsins er að eiga og reka þær fasteignir, sem verið hafa í eigu sveitarsjóðs Eyjafjarðarsveitar og til hans verða færðar eða sjóðurinn mun síðar fjárfesta í og eftir atvikum að selja þjónustu til einstakra stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins. Jafnframt útleiga, byggingarstarfsemi og kaup og sala á fasteignum og ýmiss fjármálastarfsemi, sem nauðsynleg er vegna þeirrar eigna, sem sjóðnum er falin umsýsla með og ábyrgð á.

## 3. gr.

Sveitarstjórn fer með stjórn og málefni Eignasjóðs. Hún getur falið sérstökum satrfsmanni sínum að hafa yfirumsjón með þeim fasteignum, sem sjóðnum tilheyra og annast ýmiss verkefni sem eignunum og umsýslu þeirra tengjast eins og t. d. eftirfarandi:

1. að halda skrá yfir þessar eignir, ástand þeirra og nýtingu.
2. að fylgjast með ástandi eignanna og viðhalds- og endurnýjunarþörf.
3. að gera tillögu að viðhaldi þeirra.
4. að gera tillögu að leigu/nýtingu þeirra fasteigna sem ekki hefa verið leigðar til stofnana eða starfsemi á vegum sveitarfélagsins.
5. að koma að gerð fjárhagsáætlana fyrir sjóðinn.
6. að vera umsagnaraðili um málefni er snúa að fasteignum sveitarfélagsins.
7. að meta umsóknir einstakra stofnana um aukið eða breytt húsnæði og gera tillögur að afgreiðslu slíkra umsókna.
8. að annast önnur þau verkefni, sem sveitarstjórn ákveður að fela henni.

## 4. gr.

Stjórn Eignasjóðs (sveitarstjórn) hefur jafnframt umsjón með leiguíbúðum sveitarfélagsins og rekstri og eignum hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu eins og um væri að ræða eign sjóðsins. Þetta fyrirkomulag breytir hins vegar engu um lögboðið hlutverk og skyldur húsnæðisnefndar.

## 5. gr.

Öll bókhaldsleg umsýsla þeirra fasteigna og fyrirtækja, sem tilheyra Eignasjóðnum skal vera í höndum skrifstofu Eyjafjarðarsveitar. Sveitarstjóri gegnir hlutverki framkvæmdastjóra sjóðsins. Reikningar sjóðsins eru þar færðir sem hluti af reikningum sveitarfélagsins og þeir eru endurskoðaðir af sömu endurskoðendum og aðrir reikningar sveitarfélagsins.

## 6. gr.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Með vísan til 2. gr. samþykktar þessarrar hefur sveitarstjórn við afgreiðslu hennar ákveðið að í nafni Eignasjóðsins verði stofnað til rekstur þjónustudeildar (áhalDAHúss), sem veitir og/eða selur þjónustu til annarra stofnana eða fyrirtækja sveitarfélagsins skv. nánari ákvæðum þar um í samningum. Jafnframt er það hlutverk þessarrar þjónustudeildar að selja út þjónustu til íbúa sveitarfélagsins eftir nánari ákvörðun sveitarstjórnar s. s. meindýraeyðingu, fara með fjallskilamál og búfjáreftilit og önnur þau verkefni, sam hagkvæmt þykir að deildin hafi með höndum og á ekki augljóslega samleið með öðrum rekstri á vegum sveitarfélagsins. Við breytinguna verða stöður húsvarðar Hrafnagilsskóla og búfjáreftilits- og umsjónarmanns lagðar niður og verkefnin færð til þjónustudeildar Eignasjóðs.